



Félagsmálaráðuneytið
Skógarhlíð 6, 105 Reykjavík

Reykjavík, 2.6.2021
Tilvísun: 202106-0007

Efni: Umsögn Alþýðusambands Íslands um drög að frumvarpi til laga um greiðslur vegna umönnunar langveikra og fatlaðra barna (mál nr. 117/2021).

Alþýðusambandið leggur áherslu á að réttur foreldra langveikra og fatlaðra barna til greiðslna vegna fjarvista frá vinnumarkaði ásamt rétti til viðhalds ávinnslu vinnumarkaðstengdra réttinda sé sem best tryggður. Ennfremur að löggjöfin styðji við bætt lífsgæði barna og fjölskyldna þeirra og stuðli að tækifærum umönnunaraðila til samfélagslegrar þátttöku. Samkvæmt áliti þessu eru þær breytingar sem felast í frumvarpsdrögunum almennt til þess fallnar að styðja við þau markmið.

Sú þróun í málaflokknum og breytingar á þjónustu sem gera það að verkum að langveik og fötluð börn eru í minni mæli vistuð á stofnunum og í auknum mæli í umsjón foreldra sinna gefa ríka ástæðu til að huga að því að opinber kerfi og vinnumarkaður taki tillit til aukinnar umönnunarbyrðar meðal foreldra. Umönnunaraðilar eru, skv. greinargerð og skýrslu starfshóps sem liggur til grundvallar þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvarpsdrögunum, að stærstum hluta konur.

Samkvæmt áliti þessu ættu þær lagabreytingar sem felast í frumvarpsdrögunum að vera til þess fallnar að auka skilvirkni og gagnsæi í kerfinu. Þar vísast til sameiningar ákvæða um umönnunar- og foreldragreiðslur í eina löggjöf auk áherslu á bætta umsýslu Tryggingastofnunar með málaflokknum, þ.m.t. bætt aðgengi foreldra að upplýsingum um réttindin sín.

Mikilvægt er að þær breytingar sem felast í tillögu um innleiðingu greiðslna í lífeyrissjóð, 4% framlags foreldris og 11,5 % mótframlags ríkisins auk heimildar til séreignasparnaðar, og heimild til áframhaldandi greiðslna í stéttarfélag af tekjutengdum umönnunargreiðslum komi til framkvæmda. Þar er um að ræða sjálfsögð réttindi launafólks og yrði þá fyrirkomulag umönnunargreiðslna fært til samræmis við sambærilegar greiðslur, s.s. greiðslur í atvinnuleit og fæðingarorlofi.



Frekari jákvæðar breytingar sem lagðar eru til í frumvarpsdrögum felast m.a. í auknum sveigjanleika greiðslukerfisins fyrir fjölskyldur. Aukið tillit til persónubundinna aðstæðna með breyttri tilhögun mats á umönnunarþörf sem byggist á upplýsingagjöf umönnunaraðila um raunverulega umönnunarþörf barns fremur en læknisfræðilegum skilgreiningum er mikilvægur þáttur í því. Rétt er að undirstrika að ábati af slíkri kerfisbreytingu er háður því að framkvæmd og stjórnsýsla nýs matferlis sé tryggð.

Alþýðusambandið styður heilshugar við það framfaraskref sem lagt er til í frumvarpsdrögum og felst í því að foreldrum sem fá greiðslur úr kerfinu sé gert kleift að stunda nám og vinnu meðfram umönnun barna sinna. Með því er sjálfsákvörðunarréttur um nýtingu tækifæra til samfélagslegrar þátttöku foreldra varðveittur og um leið unnið gegn félagslegri einangrun.

Aukinn sveigjanleiki og mikilvægur viðbótarstuðningur felst einnig í tillögu um greiðsluþátttöku hins opinbera í öðrum kostnaði en þeim sem til er kominn vegna umönnunar en fellur á fjölskyldur og er tilkominn vegna fötlunar eða veikinda barns. Slíkur kostnaður getur verið af ýmsu tagi þ.m.t. slit á húsmunum og fatnaði, kaup á hjálpartækjum og sérhæfðri þjálfun og þjónustu. Í frumvarpsdrögum er lagt til að greiðsluþátttökan byggist á kostnaði í hverju tilviki fyrir sig og þannig tekið tillit til raunverulegra og persónubundinna aðstæðna og er það jákvætt. Innleiðing slíkra greiðslna er mikilvægur þáttur í að bæta aðgengi tekjulægri fjölskyldna og barna, sem búa jafnframt við verulegar áskoranir vegna veikinda eða fötlunar, að aðbúnaði og þjónustu sem auka lífsgæði og stuðlar þar með að jöfnuði.

Fram kemur í greinargerð með frumvarpsdrögum að konur séu 85% þeirra sem fengið hafa sambærilegar greiðslur úr kerfinu að undanförnu. Þar sem konur eru í slíkum meirihluta þeirra sem sinna umönnun langveikra og fatlaðra barna eru umbætur á stuðningskerfi umönnunargreiðslna líklegar til að hafa meiri áhrif á konur og þannig bæta hag þeirra og stuðla að kynjajafnrétti sem því nemur. Rétt er að halda því til haga að þetta hlutfall er í samræmi við þá miklu ábyrgð sem konur axla á nauðsynlegri umönnun í samfélaginu og rýrir möguleika þeirra til að afla tekna á vinnumarkaði. Því er það mikilvægt jafnréttismál að greiðslukerfi sem þau sem hér eru til umfjöllunar veiti nægilega tekjuvernd til að tryggja fjárhagslegt sjálfstæði einstaklinga sem sinna umönnun barna sinna þegar á þarf að halda og koma í veg fyrir að umönnunarbyrði leiði til félagslegrar einangrunar og jafnvel fátæktar.

Alþýðusambandið lýsir því yfir stuðningi við þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpsdrögum og miða að því að færa stuðning við foreldra fatlaðra og langveikra barna



til samræmis við þörf og þróun í málaflokknum. Einkum leggur sambandið áherslu á þá þætti sem hér hafa verið sérstaklega nefndir sem mikilvæg framfaraskref. Skref sem auka skilvirkni kerfisins og laga það að þörfum foreldra og barna, tryggja betur ávinnslu réttinda þegar tímabundið rof verður á þátttöku á vinnumarkaði, koma til móts við þann kostnað sem fjölskyldur fatlaðra og langveikra barna verða fyrir vegna aðstæðna sinna og stuðla að því að sú nauðsynlega umönnun sem foreldrar, í miklum mæli konur, sinna leiði ekki til skertrar félagslegrar þátttöku og fjárhagslegrar berskjöldunar.

F. h. Alþýðusambands Íslands,

Sara S. Öldudóttir